



Formannafundur 8.október 2009 - kl.19:30

Salur E – Engjavegi 6

Fundardagskrá

1. Kynning á stjórn.
2. Helstu verkefni hingað til.
3. Helstu verkefni framundan.
4. Styrkir á mót.
5. Nefndir:
 - a. Beltaprófsnefnd.
 - b. Aganefnd. (TKÍ óskar enn eftir umsóknum)
 - c. Dómaranefnd (TKÍ óskar eftir einni umsókn til viðbótar)
 - d. Landsliðsnefnd (TKÍ óskar eftir 2 til viðbótar)
 - e. Mótanefnd (TKÍ óskar eftir fleiri umsóknum. Ísl. mótin 2 kynnt.
 - f. Fjáröflunarnefnd (TKÍ óskar eftir 2 til viðbótar)
6. Fjölmiðlar.
7. Skorkerfi fyrir félögin.
8. Kynningar á taekwondo.
9. Önnur mál.

Fundargerð

Mættir:

Arnar Bragason - formaður

Rut Sigurðardóttir - meðstjórnandi

Jón Levý - meðstjórnandi

Auður G. Sigurðardóttir – starfsmaður/ritari

Nöfn/Félög

Nafn	Félag
Matthildur Emilsdóttir	Keflavík
Örn Garðarsson	Keflavík
Írunn Ketilsdóttir	Ármann
Eduardo Rodriques	Landsliðsþjálfari/Poomse

1. Kynning á stjórn

- Stjórnin kynnir sig og segir lítilsháttar hvaðan þau koma og hvaða bakgrunn þau hafa.

2. Helstu verkefni hingað til

- Sumarið fór í að koma nýrri stjórn af stað, nýkosinn formaður hætti og Arnar Bragason varaformaður tók við formennsku og mun sinna henni til næstu kosninga. Fyrstu verkefnin voru British Open, gekk vel, 2 silfur þar. Í framhaldinu af því var haldnar æfingabúðir fyrir landsliðið með Jamshid og Tae Kim. Undirbúningur að stofnun nefnda og er sú vinna enn í gangi og TKÍ. Undirbúningur að HM09 byrjaði og stendur enn yfir.

3. Helstu verkefni framundan

- HM09 fer fram núna 12.okt – 19.okt. Sigursteinn landsliðsþjálfari og Cesar Rodriques sem stoðþjálfari fara með 3 úr landsliðinu, Auður Anna Jónsdóttir, Björn Þorleifsson og Haukur Guðmundsson.
- Norðurlandamótið næsta verður haldið í Noregi væntanlega núna í janúar 2010.

- Verið er að vinna í dagatali frá félögunum og þegar það er tilbúið verða næstu mánuðir betur skipulagðir fram í tímann og félögin geti skipulagt sig með stærri eða minni viðburði í samvinnu við hin félögin og TKÍ.
- Poomse Íslandsmótið sem verður haldið á Selfossi. Íslandsmótið í Sparring verður líklega haldið í Keflavík.

4. Styrkir á mót

- Fyrri stjórn var komin með beinagrind af því að TKÍ myndi styrkja 1/3 af kostnaði við mótsferð á mót 1/3 félagi og 1/3 keppanda. Núverandi stjórn vill staðfesta þá ákvörðun. Auk þess verður hægt að sækja um aukinn styrk ef keppandi stendur sig vel, nær t.d. verðlaunasæti eða viðurkenningu á árangri á mót. Þetta gengur yfir alla sem eru í landsliðinu. Undanþága er einnig verið stærri mótin HM, NM og EM. TKÍ er tilbúið að styrkja meira stærri mót af þessu tagi. Styrktarumsóknir er hægt að nálgast á vefsíðunni www.taekwondo.is.

5. Nefndir

- TKÍ vantar fleiri fólk í nefndirnar. Erfitt virðist að reyna félagsmenn til að sækja um stöðu í nefndunum. TKÍ telur vera mjög mikilvægt að fólk bjóði sig fram til að hægt sé að gera nefndirnar starfhæfar.
 - i. Aganefnd: Enn vantar umsóknir í aganefnd.
 - ii. Dómaranefnd: Enn vantar einn liðsmann í nefndina.
 - Hlynur Gissurarson fer sem dómari á vegum TKÍ á stærri mótin erlendis eins og HM, EM og NM
 - Sigursteinn mun sá um mótin innanlands og halda m.a. dómaranámskeið hér á landi fyrir félagsmenn.
 - Umræður á formannafundinum komu upp um hvort að það þurfi ekki bara að borga dómurum

jafnvel bara laun til að auðvelda það að fá fólk til að taka námskeið og þjálfist í dómaramálum. Þetta væri jafnvel eitthvað sem dómaranefnd myndi geta velt fyrir sér og fundið út úr í samráði við félögin. Einnig vill Eduardo benda á að það sárvanti poomsedómara. Fundarmenn taka undir það og það er eitthvað sem þarf að bæta úr.

- iii. Landsliðsnefnd: Vantar 2 nefndarmenn. Aðstoð við landsliðspjálfa, undirbúning fyrir landsliðsmótin og landsliðsæfingar. Frekari upplýsingar um þetta er hægt að fá hjá Helga Rafni.
 - iv. Mótanefnd: Vantar fleiri umsóknir. Skipuleggja Íslandsmót og Poomse mót. Er tengd dómaranefndinni þar sem eitt helsta vandamálið á mótum er að það vantar dómara. Örn Garðarson – Keflavík bíður sig fram til aðstoðar í mótanefnd.
 - v. Fjáröflunarnefnd: Vantar 2 liðsmenn í nefndina.
 - vi. Beltaprófsnefnd: Haldnir hafa verið 2 fundir með beltaprófsnefnd. Aðalumræðuefnið var hvernig er hægt að staðla svartabeltispróf til dæmis. Hægt væri að vinna út frá því staðlaðar reglur varðandi önnur lægri beltapróf. TKI myndi svo halda beltapróf sem formaður TKÍ mun svo skrifa upp á prófið og meistari nemanda/félags nemanda. Nánari upplýsingar um þessi mál getur Helgi Rafn Guðmundsson eða Jón Levý gefið félögunum.
- Umsóknir má senda á **tki@taekwondo.is**

6. Fjölmiðlar

- Fundarmenn voru sammála um að það að fá fjölmiðla til að koma á mót þá þurfi að hamra á fjölmiðlum til að

koma, hugmyndir um að kaupa jafnvel bara ákveðnar mínútur til að fá fastan sess í fjölmiðlum! TKÍ vill athuga hvað svona tilhögun myndi kosta t.d..

7. Skorkerfi fyrir félögin

- Hugmyndir eru um að kaupa skorkerfi sem er einfalt í uppsetningu og tengt beint í tölvu. Keflavík hefur prófað svona skorkerfi og hefur reynst ágætlega. Hugmyndin er að TKÍ kaupi um 15 stk af skorkerfinu fyrir flest félögin til afnota á æfingum og til að æfa líka dómara til dæmis. Hugmyndin verður útfærð á næstu mánuðum.

8. Kynningar á taekwondo

- Fjölmiðlamál.
- Ætlunin er að gera nýtt taekwondovideo. Fá fólk í að taka upp flott , kúl og happening video. Hvernig félögin koma að videoinu er ekki enn útfært en þarf að huga að. Hugmyndin er að öll félögin fái einhvers konar kynningu á videoinu og einnig fá nemendur frá öllum félögum til að taka þátt í videoinu.
- Hugmynd um að setja saman sýningarlið. Nota landsliðsþjálfarana soldið til að taka þátt í því verkefni jafnvel og TKÍ vill endilega fá ábendingar um hvort félögin hafi einhverja góða á sinni könnu í þetta. T.d. kynningar í skólum, fyrirtækjum eða álíka.

9. Önnur mál.

- Spurning kom af hverju ákvörðun var tekin um að Selfoss og Keflavík fái að halda mótin og TKÍ hefur ákveðið að ákvarðanir og umræður sem voru ræddar í fyrri stjórn séu erfitt að meta þegar engin gögn liggja fyrir um þau og tók þessa ákvörðun að Íslandsmótið í Poomse verður á Selfossi og Íslandsmótið í Sparring verði í Keflavík. Í framtíðinni verða mótin boðin út og þau félög sem hafa áhuga geta

sent inn umsóknir. Mótanefnd sem vonandi verður komin í gang mun svo vinna með þeim félögin sem fá að halda mótin til að undirbúa mótin.

- Spurning kom hvort að félögin hafi haft svona innanfélagsæfingar þar sem félögin æfi saman.
- Einnig komu hugmyndir um æfingabúðir fyrir foreldra eða 30 ára+ aldursflokk.
- Írunn vill kynna fyrstu mótaröð Ármanns í Skíðaskálanum í Bláfjöllum. Dagskráin er ekki niðurnjörvuð en mótið verður mjög sérstakt. Tvö mót verða, 1. Hver gerir mesta grín af Taekwondo (sýningaatriði) og 2. Hlaupa upp á fjall og gera Jobchagi upp á fjallinu, hver hópur á að vera með myndavél og taka myndir af hópnum, flottasta myndin verður 50% og 50% tímatakan. Svo verður morgun og útiæfingar. Mótagjald verður í lágmarki, mottóið er gaman saman! Nánari auglýsing verður fljótlega en stefnan verður að hafa þetta 17.okt. Lágmarksaldur 13 ára.
- Sparring liða mót verður hjá Ármanni , liðamót, má vera konur og karlar, engin belti og engin þyngd. Bara lið 1 og 2 að keppa, bardaginn í ca 5-7 mín fyrir allt liðið. Verður líklega haldið kannski mánuð fyrir Íslandsmótið og verður betur auglýst síðar.
- Brotamót verður haldið aftur hjá Ármanni. Auglýst síðar.

Fundi slitið kl. 21:19